

Mál nr. 241/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: V1 og V2

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19. ágúst 2022, ásamt fylgiskjöllum.
2. Tölvupóstur V1, dags. 20. september 2022, ásamt niðurstöðu tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 286/22.
3. Tölvupóstur V2, dags. 3. október 2022.
4. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 4. október 2022.

Málsatvik.

Í skýrslu Aðstoðar og öryggis dags. 21. júlí 2022 kemur fram að þann dag hafi orðið árekstur með bifreiðum A og B á Höfðabakka í Reykjavík. Báðum bifreiðum var ekið austur Vesturlandsveg í aðdraganda áreksturs og inn á aðrein að Höfðabakka í norður og þannig inn á Höfðabakka þar sem árekstur varð. Haft er eftir M, ökumanni bifreiðar A, í skýrslunni að hann hafi ekið inn á beygjuakreinar á vinstri akrein og hafi bifreið B verið ekið af ytri beygjuakrein til vinstri yfir á akbraut sem bifreið A var ekið á og þannig hafi orðið árekstur. Haft er eftir ökumanni bifreiðar B í sömu skýrslu að hann hafi ekið á undan bifreið A á ytri beygjuakrein og hafi þeirri bifreið verið ekið vinstra megin fram úr í beygju og utan í vinstri hlið bifreiðar B.

M telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B þar sem sá ökumaður hafi gefið stefnúmerki til vinstri og ekið utan í bifreið A, þá bifreið sem M ók. M telur framburð ökumanns bifreiðar B stangast á við gögn málsins þar sem ákoma á bifreið hans (A) sé fremst á bifreiðinni en aftast á bifreið B og þannig hafi árekstur ekki getað orðið við framúrakstur bifreiðar A. M telur að vegna stærðar bifreiðar B hafi ökumaður hennar mögulega ekki séð bifreið A þegar hann skipti um akrein og árekstur varð.

V2 telur aðstæður í aðdraganda árekstur ósannaðar og bendir á að M hafi farið af vettvangi áður en skýrsla hafi verið gerð, auk þess sem myndir af bifreiðunum hafi verið teknar síðar. Þannig sé ósannað hvor ökumaður hafi ekið á hvern og verði að skipta sök til helminga.

V1 tekur undir sjónarmið M en gerir ekki frekari athugasemdir.

Álit.

Í málinu liggur fyrir skýrsla Aðstoðar og öryggis um árekstur bifreiða A og B á Höfðabakka. Í skýrslum ökumanna ber hvor um sig að hinn hafi ekið til hliðar inn á akrein hins og þannig hafi árekstur orðið. Ekki liggja fyrir myndir af bifreiðunum á vettvangi árekstursins, engar skýrslur eru af vitnum sem borið geta um staðsetningu bifreiðanna þegar árekstur varð. Af myndum af ökutækjum eða framburði ökumanna verður ekki dregin sú ályktun að annar ökumanna hafi ekið inn á akrein hins þegar árekstur varð. Ökumenn bera um akstur í sömu akstursátt á samsíða akreinum og ekki er sannað nákvæmlega hvar áreksturinn varð. Ekki er af framlögðum gögnum því hægt að leggja til grundvallar að annar ökumaður beri meiri sök en hinn á árekstrinum og skiptist sök til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík, 1. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir